

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI Í TÖLUM - APRÍL 2014



**FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI Í TÖLUM
EFNISYFIRLIT**

BLS.

HAGTÖLUR Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU	2
ERLEND KORTAVELTA	3
FERÐAMENN OG SKIPAFARÞEGAR 2000-2013	4
ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2011-2013	5
ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR MÁNUÐUM	6
ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM	7
ÞJÓÐERNI UM KEFLAVÍKURFLUVÖLL 2013/2012	8
MARKAÐSSVÆÐI EFTIR ÁRSTÍÐUM UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2002-13	9
BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2013	10
GISTINÆTUR – ALLIR GISTISTAÐIR	11
GISTINÆTUR Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM	12
ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI	13-16
FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2013/2012	17-22

GERÐ SAMANTEKTAR: ODDNÝ ÞÓRA ÓLADÓTTIR

FORSÍÐUMYND: RAGNAR TH. SIGURÐSSON

HAGTÖLUR Í ÍSLENSKRI FERÐAÞJÓNUSTU

HAGVÖXTURINN BORINN UPPI AF FERÐAÞJÓNUSTU


Mikill vöxtur í ferðaþjónustu bar að miklu leyti uppi hagvöxtinn á síðasta ári en hann mældist að raungildi 3,3% á Íslandi árið 2013. Frekari tekjur sem sköpuðust vegna veru erlendra ferðamanna á Íslandi og háar tekjur í sjávarútvegi gerðu það að verkum að á árinu 2013 mældust tekjur af útflutningi 57,3% af landsframleiðslu. Um er að ræða hæsta hlutfall sem sést hefur frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945. Hlutfall tekna af erlendum ferðamönnum mældist 15,4% af vergri landsframleiðslu á árinu 2013 og hefur vaxið úr rúmlega 10% frá árinu 2009.

HLUTUR FERÐAÞJÓNUSTU Í GJALDEYRISTEKJUM

Hluttur ferðaþjónustu í gjaldeyristekjum hefur vaxið úr 19,6% í 26,8% á árunum 2009-2013 samkvæmt mælingum um útflutning vöru og þjónustu. Er nú svo komið að ferðaþjónustan aflar meiri gjaldeyristekna en sjávarútvegurinn og álframleiðslan.

	Útflutningur vöru og þjónustu (milljónir kr.)	Ferðaþjónusta (milljónir kr.)	Hlutfall ferðaþjónustu
2009	791.296	155.160	19,6%
2010	865.623	162.822	18,8%
2011	961.615	196.495	20,4%
2012	1.009.005	239.471	23,7%
2013	1.027.303	274.819	26,8%

ÚTFLUTNINGUR VÖRU OG ÞJÓNUSTU (%)



MEÐALÚTGJÖLD ERLENDRA FERÐAMANNA

Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi voru um 129 milljarðar króna á árinu 2013 sem er um 15% aukning frá fyrra ári á föstu verðlagi. Meðalútgjöld erlendra ferðamanna voru um 165 þúsund krónur á árinu 2013, 4,8% hærra en árinu áður.

	Ferðaneysla á Íslandi milljónir kr. ¹	Meðalútgjöld á mann
2009	81.306	164.600
2010	75.503	154.500
2011	91.970	162.600
2012	105.727	157.100
2013	128.840	164.965


¹Á verðlagi ársins 2013. Millilandaflug ekki meðtalið.

Heimild: Hagstofa Íslands.

ERLEND KORTAVELTA


Mikill vöxtur hefur verið í erlendri kortaveltu á Íslandi á síðustu árum. Á árinu 2009 var kortaveltan ríflega 48 ma.kr. en var komin í rúman 91 ma.kr. árið 2013.

HEILDARÚTTEKT ERLENDRA DEBET - OG KREDITKORTA Á ÍSLANDI (MILLJÓNIR KR.)



Erlend kortavelta stórjókst milli ára 2012-2013 í öllum mánuðum, hlutfallslega mest í janúar, febrúar, mars og desember þegar aukning í kortaveltu mældist á bilinu 31-50%. Kortaveltan var þó mest yfir sumarmánuðina þrjá eða 44,5% af heildarveltunni árið 2013 og 46,8% af heildarveltunni 2012.


KORTAVELTA EFTIR MÁNUÐUM (MILLJÓNIR KR.)



ERLEND KORTAVELTA EFTIR ÚTGJALDALIÐUM*

Ríflega þriðjungur (35,3%) af erlendri kortaveltu rann til gisti- og veitingaþjónustu árið 2013, fimmtungur (20,3%) til verslana, 17,9% til farþegaflutninga og þjónustu þeim tengdum, 15,4% til ýmiss konar ferðaþjónustu s.s. skoðunarferða, 2,6% til menningar, afþreyingar og tómstundastarfsemi og 8,5 % til annarra þátta í tengslum við ferðaþjónstu.

KORTAVELTA EFTIR ÚTGJALDALIÐUM (MILLJÓNIR KR.)



*Gögnin um kortaveltu eftir útgjaldaliðum innihalda alla greiðslukortanotkun, debet- og kreditkorta, að undanskildum peningaúttektum. Kortavelta útlendinga sem kaupa farmiða eða pakkaferðir til Íslands frá heimalandi sínu er ekki meðtalin nema kortaveltan fari í gegnum íslenska færsluhirða.

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og Rannsóknasetur verslunarinnar.

FERÐAMENN OG SKIPAFARÞEGAR 2000-2013

Frá árinu 2000 hefur fjöldi ferðamanna nærri þrefaldast. Erlendir ferðamenn voru 303 þús. árið 2000 en voru komnir í 807 þús. 2013. Árleg aukning hefur verið að jafnaði 8,2% milli ára frá 2000.

Fjöldi ferðamanna		Breyting milli ára	
2000	302.900	00-01	-2,3%
2001	296.000	01-02	-6,1%
2002	277.900	02-03	15,1%
2003	320.000	03-04	12,6%
2004	360.400	04-05	3,8%
2005	374.100	05-06	12,9%
2006	422.300	06-07	14,9%
2007	485.000	07-08	3,5%
2008	502.000	08-09	-1,6%
2009	493.900	09-10	-1,1%
2010	488.600	10-11	16,6%
2011	565.600	11-12	18,9%
2012	672.900	12-13	20,0%
2013	807.300	00-13	8,2%

FARÞEGAR MEÐ SKEMMTIFERÐASKIPUM


Frá árinu 2000 hefur farþegum til landsins með skemmtiferðaskipum fjölgað verulega, úr um 26 þús. árið 2000 í um 95 þús. farþega árið 2013. Aukningin hefur verið að jafnaði 12,4% milli ára.

	2011		2012		2013	
	Farþegar	Skipakomur	Farþegar	Skipakomur	Farþegar	Skipakomur
Reykjavík ¹	62.673	67	91.954	81	92.412	80
Akureyri	49.475	56	66.383	62	71.338	63
Ísafjörður	21.000	31	31.385	34	42.317	38
Grundarfjörður	5.674	14	5.784	17	1.905	8
Vestmannaeyjar	5.087	17	4.744	17	5.928	15
Seyðisfjörður o.fl. ²	4.974	10	7.150	14	5.989	9


¹Um 96% skemmtiferðaskipa hafa viðkomu í Reykjavík.

²Árið 2013 komu 2.848 farþegar til Húsavíkur og 2.113 til Djúpanavogs.

ERLENDIR FERÐAMENN TIL ÍSLANDS 2000-2013



FARÞEGAR MEÐ SKEMMTIFERÐASKIPUM TIL REYKJAVÍKUR 2000-2013



Heimildir: Ferðamálastofa, Austfar, Isavia, Flugfélag Íslands, Faxaflóahafnir og aðrar hafnir víðs vegar um landið.

ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2011-2013

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var um 807 þúsund árið 2013 og er um að ræða 20,0% aukningu frá 2012 en þá voru erlendir ferðamenn um 673 þúsund talsins.

Um 781 þúsund ferðamenn komu með flugi um Keflavíkflugvöll eða 96,7% af heildarfjölda ferðamanna. Tæplega 17 þúsund komu með Norrænu um Seyðisfjörð eða um 2,1% af heild og tæp 10 þúsund með flugi um Reykjavík- eða Akureyrarflugvöll eða um 1,2% af heild. Vert er að taka fram að tölur fyrir aðra staði en Keflavíkflugvöll byggja ekki á talningum heldur mati út frá sölu- og farþegatölum.

FERÐAMENN EFTIR KOMUSTÖÐUM

	2011	2012	2013	Breyting milli ára (%)	
				11/12	12/13
Keflavíkflugvöllur	540.824	646.921	781.016	19,6	20,7
Seyðisfjörður	12.505	12.780	16.637	2,2	30,2
Aðrir flugvellir	12.282	13.072	9.696	6,4	-25,8
Samtals	565.611	672.773	807.349	18,9	20,0

Heimildir:

- Ferðamálastofa telur ferðamenn við brottför á Keflavíkflugvelli eftir þjóðernum og eru niðurstöður birtar mánaðarlega á [vef Ferðamálastofu](#).
- Austfar áætla fjölda ferðamanna með Norrænu út frá sölutölum.
- Isavia og Flugfélag Íslands áætla ferðamannafjölda um aðra flugvelli en Keflavíkflugvöll út frá farþega- og sölutölum.

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL

Eftir þjóðernum	2011	2012	2013	Breyting milli ára (%)	
				11/12	12/13
Bandaríkin	77.561	95.026	119.712	22,5	26,0
Bretland	67.608	94.599	137.108	39,9	44,9
Danmörk	40.705	40.906	43.119	0,5	5,4
Finnland	12.031	13.684	13.799	13,7	0,8
Frakkland	35.957	41.570	48.313	15,6	16,2
Holland	19.997	21.305	22.820	6,5	7,1
Ítalía	12.346	13.841	16.213	12,1	17,1
Japan	6.902	10.343	12.363	49,9	19,5
Kanada	17.929	18.760	23.970	4,6	27,8
Kína	8.784	14.036	17.597	59,8	25,4
Noregur	41.802	51.534	52.707	23,3	2,3
Spánn	13.971	15.278	17.017	9,4	11,4
Sviss	10.155	12.838	14.307	26,4	11,4
Svíþjóð	32.835	35.601	35.491	8,4	-0,3
Þýskaland	56.815	65.179	75.814	14,7	16,3
Annað	85.426	102.421	130.666	19,9	27,6
Samtals	540.824	646.921	781.016	19,6	20,7
Eftir mörkuðum					
Norðurlönd	127.373	141.725	145.116	11,3	2,4
Bretland	67.608	94.599	137.108	39,9	44,9
Mið-/S-Evrópa	149.241	170.011	194.484	13,9	14,4
N-Ameríka	95.490	113.786	143.682	19,2	26,3
Annað	101.112	126.800	160.626	25,4	26,7
Samtals	540.824	646.921	781.016	19,6	20,7

FARÞEGAR MEÐ NORRÆNU


	2011	2012	2013	Breyting milli ára (%)	
				11/12	12/13
Norðurlönd	3.352	3.550	4.650	5,9	31,0
Evrópa	7.850	7.967	10.610	1,5	33,2
Annað	1.303	1.263	1.377	-3,1	9,0
Samtals	12.505	12.780	16.637	2,2	30,2

ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR MÁNUÐUM


Síðustu þrjú ár hefur aukning ferðamanna verið hlutfallslega meiri að vetri til en að vori, sumri og hausti. Fjöldamet voru slegin í öllum mánuðum ársins 2012 og 2013 í samanburði við sömu mánuði árin á undan. Aukningin fór yfir 10% í öllum mánuðum á tímabilinu 2011-2013, hæst fór hún í 60% í nóvember 2012 og yfir 40% í þremur mánuðum ársins 2013, í febrúar, mars og desember.

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM


Ferðamenn frá einstökum markaðssvæðum dreifðust nokkuð ólíkt yfir árið 2013. Þannig voru ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu áberandi yfir sumarmánuðina á meðan Norðurlandabúar, Norður Ameríkanar og ferðamenn frá löndum sem flokkast undir annað dreifðust talsvert jafnar yfir árið. Bretar skera sig hins vegar úr en helmingur þeirra kom yfir vetrarmánuðina.



BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL ('000)



AUKNING FERÐAMANNA MILLI ÁRA 2011-13 (%)



Heimild: Ferðamálastofa.

ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM

Um 44% ferðamanna á árinu 2013 komu yfir sumarmánuðina þrjá (júni-ágúst), aðeins lægra hlutfall en 2011 og 2012. Ríflega fjórðungur kom að vori (apríl-maí) eða hausti (sept.-okt.) og um fjórðungur að vetri til (jan.-mars/nóv.-des.).

ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR ÁRSTÍÐUM


	2011		2012		2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Vor	69.545	12,9	82.902	12,8	99.413	12,7
Sumar	265.204	49,0	301.725	46,6	345.212	44,2
Haust	90.412	16,7	109.666	17,0	126.115	16,1
Vetur	115.663	21,3	152.628	23,5	210.276	26,9
Samtals	540.824	100	646.921	100	781.016	100

Um 61% Mið- og S-Evrópubúa komu að sumri til árið 2013, um 46% N-Ameríkana, um 40% Norðurlandabúa, um 20% Breta og um 47% þeirra sem flokkast undir „annað“. Um 38% Norðurlandabúa komu að vori eða hausti, um 29% Breta og svipað hlutfall N-Ameríkana. Um helmingur Breta kom að vetri, um fimmtungur Norðurlandabúa, um fjórðungur N-Ameríkana og þeirra sem flokkast undir „annað“.


MARKAÐSSVÆÐI EFTIR ÁRSTÍÐUM 2013

	Vor		Sumar		Haust		Vetur		Samtals Fjöldi
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Norðurlönd	25.378	17,5	57.758	39,8	29.477	20,3	32.503	22,4	145.116
Bretland	18.253	13,3	27.138	19,8	21.087	15,4	70.630	51,5	137.108
Mið-/S-Evr.	19.538	10,0	118.505	60,9	25.260	13,0	31.181	16,0	194.484
N-Ameríka	18.716	13,0	65.980	45,9	23.631	16,4	35.355	24,6	143.682
Annað	17.528	10,9	75.831	47,2	26.660	16,6	40.607	25,3	160.626
Samtals	99.413	12,7	345.212	44,2	126.115	16,1	210.276	26,9	781.016

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL



BROTTFARIR EFTIR MARKAÐSSVÆÐUM ('000)



Heimild: Ferðamálastofa.


ÞJÓÐERNI UM KEFLAVÍKUR- FLUGVÖLL 2013/2012

VOR/HAUST: 225.528 ferðamenn komu að vori eða hausti til árið 2013, 17,1% fleiri en 2012. Flestir komu frá Bretlandi (17,4%) og Bandaríkjunum (14,9%). Ferðamenn frá Noregi (9,5%), Þýskalandi (8,3%), Danmörku (6,7%), Svíþjóð (5,7%), Frakklandi (4,6%), Kanada (3,9%), Hollandi (2,7%) og Finnlandi (2,5%) fylgdu þar á eftir en samanlagt voru framangreindar tíu þjóðir 76,2% ferðamanna að vori eða hausti 2013.


SUMAR: 345.212 ferðamenn komu að sumri til árið 2013, 14,4% fleiri en sumarið 2012. Flestir sumargesta 2013 komu frá Bandaríkjunum (16,1%), Þýskalandi (13,2%), Frakklandi (8,5%), Bretlandi (7,9%), Danmörku (5,4%), Noregi (5,4%), Svíþjóð (4,3%), Ítalíu (3,3%), Hollandi (3,2%) og Spáni (3,1%) en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 70,4% ferðamanna sumarið 2013.

VETUR: 210.276 ferðamenn komu að vetri til 2013, 37,8% fleiri en að vetri 2012. Af einstaka þjóðum komu flestir frá Bretlandi (33,6%) og Bandaríkjunum (14,6%). Ferðamenn frá Noregi (6,0%), Þýskalandi (5,4%), Danmörku (4,4%), Frakklandi (4,0%), Svíþjóð (3,8%), Japan (3,1%), Hollandi (2,6%) og Kína (2,3%) fylgdu þar á eftir en samanlagt voru þessar tíu þjóðir 79,8% ferðamanna að vetrarlagi 2013.


VOR/HAUST



SUMAR



VETUR



Heimild: Ferðamálastofa.

MARKAÐSSVÆÐI EFTIR ÁRSTÍÐUM UM KEFLAVÍKUR- FLUGVÖLL 2002-13


VOR/HAUST: Ferðamönnum hefur fjölgað úr 80 þúsund að vori og hausti í um 225 þúsund á tímabilinu 2002-13 eða um 145 þúsund ferðamenn. Aukningin hefur verið að jafnaði 10,3% milli ára. Norðurlöndin hafa verið stærsta markaðssvæðið að vori og hausti frá 2002 eða um og yfir 30% ferðamanna. Síðustu þrjú árin hefur hlutdeild Norðurlanda hins vegar farið minnkandi að vori og hausti.

SUMAR: Ferðamenn að sumri hafa nærri þrefaldast frá 2002, hafa farið úr 129 þúsund árið 2002 í um 345 þúsund árið 2013. Aukning milli ára hefur verið að jafnaði 9,6%. Mið- og Suður Evrópubúar eru stærsta markaðssvæðið að sumri, hafa verið á bilinu þriðjungur til tveir fimmtu ferðamanna á tímabilinu 2002-13.


VETUR: Ferðamenn að vetri voru þrefalt fleiri árið 2013 en þeir mældust árið 2003. Aukning milli ára hefur verið að jafnaði 12,3% frá 2003, mismikil þó en mest hefur hún verið síðastliðin tvö ár en þá fór hún yfir 30% milli ára. Bretum hefur hins vegar fjölgað hlutfallslega mest eða yfir 60% milli ára síðastliðin tvö ár og eru þeir nú orðnir um þriðjungur ferðamanna að vetri.

Heimild: Ferðamálastofa.


VOR/HAUST



SUMAR



VETUR



— Norðurlönd — Bretland — Mið-/S-Evrópa — N-Ameríka — Annað

BROTTFARIR UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL 2013

Eftir þjóðernum	Eftir árstíðum*					Eftir mánuðum											
	Samtals	Vor	Sumar	Haust	Vetur	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Bandaríkin	119.712	14.854	55.442	18.709	30.707	5.054	5.357	6.962	5.990	8.864	17.581	18.452	19.409	11.547	7.162	7.333	6.001
Bretland	137.108	18.253	27.138	21.087	70.630	10.031	15.970	15.458	11.490	6.763	6.969	9.954	10.215	8.087	13.000	15.527	13.644
Danmörk	43.119	6.177	18.785	8.835	9.322	1.504	1.590	2.747	2.750	3.427	4.300	8.938	5.547	4.884	3.951	1.956	1.525
Finnland	13.799	2.897	5.415	2.775	2.712	347	387	756	1.416	1.481	1.898	1.786	1.731	1.577	1.198	578	644
Frakkland	48.313	4.923	29.378	5.553	8.459	1.371	1.671	2.427	1.911	3.012	6.268	10.183	12.927	3.855	1.698	1.656	1.334
Holland	22.820	2.973	11.194	3.194	5.459	733	1.272	1.552	1.248	1.725	2.514	4.237	4.443	1.993	1.201	1.034	868
Ítalía	16.213	1.279	11.482	1.424	2.028	335	299	436	502	777	1.790	3.380	6.312	1.024	400	656	302
Japan	12.363	803	2.221	2.770	6.569	1.566	1.148	1.417	497	306	533	654	1.034	1.752	1.018	1.137	1.301
Kanada	23.970	3.862	10.538	4.922	4.648	404	374	1.044	1.584	2.278	3.333	3.573	3.632	2.944	1.978	1.730	1.096
Kína	17.597	1.387	8.397	2.907	4.906	738	779	796	491	896	2.705	2.628	3.064	1.797	1.110	595	1.998
Noregur	52.707	9.974	18.730	11.441	12.562	2.003	2.418	3.556	4.203	5.771	6.386	6.268	6.076	6.733	4.708	2.804	1.781
Pólland	15.835	1.831	7.768	2.170	4.066	486	490	682	629	1.202	2.771	2.944	2.053	1.396	774	570	1.838
Rússland	6.988	841	3.953	875	1.319	355	245	230	338	503	710	1.514	1.729	629	246	298	191
Spánn	17.017	1.544	10.633	2.608	2.232	415	321	373	680	864	1.598	2.975	6.060	2.025	583	606	517
Sviss	14.307	870	10.195	1.614	1.628	345	427	375	398	472	1.721	4.235	4.239	1.209	405	281	200
Svíþjóð	35.491	6.330	14.828	6.426	7.907	1.480	1.142	2.079	2.647	3.683	4.461	5.298	5.069	3.899	2.527	1.955	1.251
Þýskaland	75.814	7.949	45.623	10.867	11.375	2.101	2.278	3.117	2.786	5.163	12.139	15.027	18.457	7.669	3.198	2.367	1.512
Annað	107.843	12.666	53.492	17938	23.747	4.022	3.811	4.861	6.205	6.461	12.182	21.475	19.835	10.169	7.769	5.368	5.685
Samtals	781.016	99.413	345.212	126.115	210.276	33.290	39.979	48.868	45.765	53.648	89.859	123.521	131.832	73.189	52.926	46.451	41.688

Eftir mörkuðum	Eftir árstíðum*					Eftir mánuðum											
	Samtals	Vor	Sumar	Haust	Vetur	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Norðurlönd	145.116	25.378	57.758	29.477	32.503	5.334	5.537	9.138	11.016	14.362	17.045	22.290	18.423	17.093	12.384	7.293	5.201
Bretland	137.108	18.253	27.138	21.087	70.630	10.031	15.970	15.458	11.490	6.763	6.969	9.954	10.215	8.087	13.000	15.527	13.644
Mið-/S-Evrópa	194.484	19.538	118.505	25.260	31.181	5.300	6.268	8.280	7.525	12.013	26.030	40.037	52.438	17.775	7.485	6.600	4.733
N-Ameríka	143.682	18.716	65.980	23.631	35.355	5.458	5.731	8.006	7.574	11.142	20.914	22.025	23.041	14.491	9.140	9.063	7.097
Annað	160.626	17.528	75.831	26.660	40.607	7.167	6.473	7.986	8.160	9.368	18.901	29.215	27.715	15.743	10.917	7.968	11.013
Samtals	781.016	99.413	345.212	126.115	210.276	33.290	39.979	48.868	45.765	53.648	89.859	123.521	131.832	73.189	52.926	46.451	41.688

*Vor: apríl-maí, sumar: júní-ágúst, haust: september-október, vetur: janúar-mars/nóvember-deseember.

Heimild: Ferðamálastofa.

GISTINÆTUR - ALLIR GISTISTAÐIR

Heildarfjöldi gistinátta á Íslandi var um 4,3 milljónir árið 2013. Árleg aukning gistinátta hefur verið að jafnaði 7,3% milli ára frá árinu 2000. Gistinætur erlendra gesta voru tæplega 3,4 milljónir árið 2013 og hefur aukning þeirra verið að jafnaði 8,8% milli ára frá árinu 2000. Gistinætur Íslendinga voru um 914 þúsund árið 2013 og hefur þeim fjölgað um 3,5% milli ára að jafnaði frá árinu 2000.


GISTINÆTUR EFTIR ÁRSTÍÐUM: Um 56% gistinátta árið 2013 voru að sumarlagi, 11% að vori, um 13% að hausti og um 20% að vetri til.

Um 2,1 milljón gistinátta var eytt á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2013 eða um 49% af heildargistináttafjölda, þar af 14,3% að vori, 38,1% að sumri, 15,6% að hausti og 32,0% að vetri. Um helmingi (50,9%) gistinátta eða um 2,2 milljónum talsins var eytt í öðrum landshlutum, þar af 72,8% að sumarlagi, 7,9% að vori, 9,9% að hausti og 9,4% að vetri.


Heimild: Hagstofa Íslands.

Nánari upplýsingar um gistinætur má finna á [vef Hagstofunnar](#).

HEILDARFJÖLDI GISTINÁTTA 2000-2013 ('000)



GISTINÆTUR 2013/2012 ('000)



GISTINÆTUR Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM


FRAMBOÐ HERBERGJA Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM

Árið 2013 voru í boði 11.050 herbergi á 340 hótélum og gistiheimilum á landinu þegar mest var, þar af voru 36,2% á höfuðborgarsvæðinu. Framboð herbergja árið 2013 var 8% hærra en árið 2012.

	2012		2013		Breyting milli ára 2012-13 (%)
	Fjöldi herbergja	%	Fjöldi herbergja	%	
Höfuðborgarsvæði	3.584	35,0	3.997	36,2	11,5
Suðurnes	391	3,8	465	4,2	18,9
Vesturland	771	7,5	768	7,0	-0,4
Vestfirðir	444	4,3	513	4,6	15,5
Norðurland vestra	505	4,9	536	4,9	6,1
Norðurland eystra	1.521	14,9	1.516	13,7	-0,3
Austurland	1.232	12,0	1.253	11,3	1,7
Suðurland	1.781	17,4	2.002	18,1	12,4
Samtals	10.229	100	11.050	100	8,0


NÝTING HERBERGJA Á HÓTELUM OG GISTIHEIMILUM (%)

Herbergjanýting á hótélum og gistiheimilum jókst milli ára 2012/2013 nær alla mánuði ársins. Hlutfallslega mest var aukningin utan háannar, fór t.a. m. í um 50% í febrúar, mars, september og október. Best var þó nýtingin í júlí og ágúst.




GISTINÆTUR ÚTLENDINGA ('000)

Útlendingar vorðu ríflega 2,3 milljón gistinóttá á hótélum og gistiheimilum eða um 70% gistinóttá útlendinga í landinu. Um var að ræða 15,7% fleiri gistinætur en á árinu 2012. Um 51% gistinóttá voru að sumri til, um 26% að vori eða hausti og um 23% að vetri.



GISTINÆTUR ÍSLENDINGA ('000)

Íslendingar vorðu um 487 þúsund gistinóttum á hótélum og gistiheimilum árið 2013 eða um 53,3% gistinóttá Íslendinga. Um var að ræða 11% fleiri gistinætur en árinu áður. Um 35% gistinóttá voru yfir sumarmánuðina, um 35% að vori eða hausti og um 30% að vetri.



ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI

Ferðamálastofa hefur um árabíl gert kannanir meðal erlendra ferðamanna þar sem áhersla er lögð á að fá heildarsýn yfir þá ferðamarkaði sem hingað sækja, hvað dregur fólk til Íslands, eftir hverju sækjast erlendir ferðamenn, hver er ferðahegðun þeirra, hve miklu eyða þeir og hver eru viðhorf þeirra. Síðasta könnun var framkvæmd á tímabilinu júní 2011 til maí 2012 og verða nokkrar niðurstöður úr henni settar hér fram. Hliðstæð könnun er framkvæmd á tímabilinu október 2013 til ágúst 2014 og munu niðurstöður fyrir könnunartímabilið september 2013 til maí 2014 liggja fyrir í ágúst 2014 og fyrir tímabilið júní til ágúst í október 2014.


HVERS KONAR FERÐAMENN Á ÍSLANDI

- Ísland laðar einkum til sín vel stæða einstaklinga í góðum störfum með áhuga á náttúrunni.
- Þó svo náttúran sé aðalaðráttarafli landsins virðist íslensk menning sækja í sig veðrið.
- Ákvörðunartökferlið að Íslandsferð er langt. Íslandsferðin er þó bókuð með skemmri fyrirvara að vetri en sumri.
- Fleiri koma í pakkaferðum að vetri til en sumri.
- Dvöl ferðamanna að vetri er einkum bundin við Suðvesturhornið. Að sumri til er hins vegar um 60% gistinátta varið utan höfuðborgarsvæðisins.
- Erlendir ferðamenn nýta náttúrutengda afþreyingu í miklum mæli og gefa henni góða einkunn.
- Suðurlandið er sá landshluti utan SV-hornsins sem flestir ferðamenn heimsækja.

Könnun má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#) en hún samanstendur af um 70 spurningum um aðdragandann að Íslandsferð, ferðahegðun erlendra ferðamanna á Íslandi, útgjöld og eyðsluhætti þeirra og viðhorf ferðamanna til ýmissa þátta íslenskrar ferðaþjónustu.


HVENÆR VAR ÁKVÖRÐUN UM FERÐ TEKIN OG HÚN BÓKUÐ (%)

Um 60% ferðamanna að sumri og vetri fengu hugmyndina að Íslandsferð innan árs. Tíminn frá bókun að brottför var skemmri en tveir mánuðir í 38% tilfella að sumri en 58% tilfella að vetri.




ÁHRIFAPÆTTIR Á ÁKVÖRÐUN AÐ FERÐAST TIL ÍSLANDS (%)

Meirihluti sumar og vetrarsvarenda sagði að náttúran hefði haft áhrif á ákvörðun um að ferðast til Íslands. Margir nefndu menningu og sögu. Hagstætt ferðatilboð var nefnt af mörgum ferðamönnum að vetri til. Aðrir þættir komu hins vegar langt á eftir.




HVAÐAN VAR AFLAÐ UPPLÝSINGA UM ÍSLAND (%)

Upplýsinga um Ísland var aflað með ýmsum hætti. Netíð var hins vegar langöflugasti upplýsingamiðill erlendra ferðamanna um Ísland.




FERÐAMÁTI Á ÍSLANDI (%)

Hópferðabifreiðar voru nýttar í miklum mæli að vetri til. Sama má segja um áætlunarbifreiðar og bílaleigubíla, þó heldur fleiri hafi nýtt bílaleigubíla að sumri til en vetri.




DVALARLENGD Á ÍSLANDI (%)

Erlendir ferðamenn dvöldu að jafnaði 10,2 nætur á Íslandi að sumri til og 6,6 nætur að vetri. Nærri helmingur ferðamanna að sumri dvaldi sjö nætur eða skemur og um helmingur að vetri fjórar nætur eða skemur.




HVAÐA AFÞREYINGU VAR GREITT FYRIR Á ÍSLANDI (%)

Af þeirri afþreyingu sem greitt var fyrir á ferðalögum nýttu flestir sundlaugar eða jarðböð, skoðunarferðir ýmiss konar, heilsutengda afþreyingu, bátsferðir, hestaferðir og ýmsa aðra náttúrutengda afþreyingu.



HVAÐA LANDSSVÆÐI OG STAÐI HEIMSÓTTU ERLENDIR FERÐAMENN



FJÖLSÓTTIR FERÐAMANNASTAÐIR (%)

Af 36 stöðum og svæðum sem spurt var sérstaklega um í könnuninni voru eftirfarandi fjölsóttastir.

Sumar:	%	Vetur:	%
1.Reykjavík	94,3	1.Reykjavík	95,3
2.Þingvellir/Geysir/Gullfoss	72,0	2.Þingvellir/Geysir/Gullfoss	61,0
3.Vík	52,4	3.Vík	32,6
4.Skaftafell	47,6	4.Skógar	27,3
5.Skógar	45,3	5.Skaftafell	22,8
6.Akureyri	42,0	6.Reykjanesbær	21,9
7.Mývatnssveit	42,0	7.Snæfellsnesþjóðgarður	20,7
8.Húsavík	42,1	8.Reykjanesviti og nágrenni	15,1
9.Ásbyrgi/Dettifoss	32,3	9.Akureyri	13,7
10.Snæfellsnesþjóðgarður	30,9	10.Hornafjörður	13,0

		Sumar	Vetur	
Höfuðb.sv./Reykjanes	Höfuðborgarsvæði	94,3	95,3	
	Reykjanesbær	21,3	21,9	
	Reykjanesviti og nágrenni	14,7	15,1	
Vesturland	Snæfellsnesþjóðgarður	30,9	20,7	
	Borgarfjörður	23,7	12,6	
	Stykkishólmur/Breiðafjarðareyjar	18,9	7,4	
	Búðardalur/Dalir	9,7	3,4	
Vestfirðir	Ísafjörður	11,1	4,2	
	Hólmavík/Strandir	8,8	2,4	
	Látrabjarg	6,7	1,8	
	Arnarfjörður/Dynjandi	6,6	1,6	
Norðurland	Akureyri	42,2	13,7	
	Mývatn	42,1	11,8	
	Húsavík	32,3	7,6	
	Ásbyrgi/Dettifoss	30,9	5,8	
	Skagafjörður	17,6	4,8	
	Hvammstangi/Hvítserkur	11,5	3,0	
	Melrakkaslétta/Þórshöfn	4,0	1,6	
Austurland	Egilsstaðir/Hallormsstaður	27,5	7,3	
	Seyðisfjörður	20,2	5,2	
	Dúpvogur	15,5	3,3	
	Neskaupsstaður/Norðfjörður	6,4	2,4	
	Borgarfjörður eystri	7,6	1,9	
Suðurland	Þingvellir/Geysir/Gullfoss	72,0	61,0	
	Vík	52,4	32,6	
	Skógar	45,3	27,3	
	Skaftafell	47,6	22,8	
	Hornafjörður	20,5	13,0	
	Eyrarbakki	13,7	10,9	
Hálandið	Vestmannaeyjar	14,1	7,0	
	Landmannalaugar	23,4	7,6	
	Þórsmörk	13,5	5,1	
	Kjölur/Hveravellir	12,4	4,1	
	Kárahnjúkar/Snæfell	5,7	3,9	
	Sprengisandur	4,8	2,4	
	Herðubreiðalindir/Askja	7,2	2,2	

HVAÐ FINNST FERÐAMÖNNUM

- Umfjöllun um ferðamannalandið Ísland er sýnileg á netinu en netið er langöflugasti upplýsingamiðill erlendra ferðamanna.
- Fleiri gestir að vetri en sumri fara í skoðunarferð með leiðsögn.
- Vetrargestir sækja söfn og sýningar í minna mæli en sumargestir.
- Gæðavitund vetrargesta er meiri en sumargesta.
- Vetrargestir gefa ferðaðjónustunni almennt svipaða og jafnvel betri einkunn en sumargestir.
- Að mati ferðamanna er margt vel gert varðandi innviði og þjónustþætti en margt má líka bæta.
- Vetrargestir líkt og sumargestir telja að styrkleikar íslenskrar ferðaðjónustu liggi einkum í náttúrunni, íbúum og gestrisni þeirra.
- Íslandsferðin stendur í langflestum tilfellum undir væntingum og hafa margir í hyggju að heimsækja landið aftur.

HVAÐ MÁ BÆTA Í ÍSLENSKRI FERÐAÐJÓNUSTU - NOKKUR ATRIÐI

REYKJAVÍK

Mætti vera meira um að vera og sjá

Meira um lifandi tónlist og leiksýningar

Fleiri söfn, t.d. jarðfræðisafn

Viðburðadagatal

Betri kort og skilti sem vísa á söfn, gallerí og bari

Lagfæra húsin í miðbænum, minnka veggjakrot

Almenningssamgöngur

Lengja opnunartíma

FERÐAÐJÓNUSTA ALMENNT

Þjónustulund og gestrisni

Fagmennsku

Gæði á gistingu

Verðlagningu á ferðum

Hafa varaáætlun ef veðrið bregst

Kynningu á íslenskum mat

Arkitektúr á hótélum, sum passa illa inn í náttúruna

Þjóða afþreyingarpakka

Betri leiðsögn og fræðsla í ferðum

ÝMISLEGT

Vegi og almenningssamgöngur um landið

Forðast fjöldaferðamennsku/Takmarka aðgengi

Skýra betur hverjir eru aðal ferðamannastaðirnir

Gera menningu og sögu betur skil

Öryggi á ferðamannastöðum

Breyta ímyndinni um dýrt ferðamannland

Gefa upp verð í erlendum myntum

Veðurspá og skilti á ensku

Almenningssalerni

Gera fólki auðveldara að skipta í íslenskar krónur

Göngustíga

Auglýsa landið betur


FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2013/2012

Ferðamálastofa hefur um árabil látið framkvæma kannanir meðal Íslendinga um ferðalög þeirra innanlands og utan. Könnun frá því í janúar árið 2014 byggði á 1600 manna úrtaki sem valið var handahófskennt úr 17.000 einstaklinga álitshópi MMR sem valinn er með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Svarhlutfallið var 61,3%. Niðurstöður voru unnar eftir nokkrum bakgrunnsbreytum; kyni, aldri, búsetu, menntun, starfi, heimilistekjum og dvalarlengd.

KYN SVARENDA	2012	2013
Konur	49,4%	47,9%
Karlar	50,6%	52,1%
ALDUR SVARENDA		
18-39 ára	44,3%	47,5%
40-59 ára	36,4%	35,0%
60-80 ára	19,3%	17,5%
SVARENDUR EFTIR BÚSETU		
Höfuðborgarsvæðið	59,1%	62,5%
Nærsveitir höfuðborgarsvæðis	13,9%	13,8%
Landið	27,0%	23,7%
HEIMILISTEKJUR		
Undir 250 þúsund	16,3%	15,4%
250-399 þúsund	22,1%	16,9%
400-599 þúsund	22,6%	21,9%
600-799 þúsund	17,8%	19,2%
800 þúsund og hærrí	21,2%	26,6%
STARF		
Stjórnendur og sérfræðingar	31,0%	30,1%
Tæknar og skrifstofufólk	17,5%	13,1%
Þjónustu- og afgangslúfólk	10,1%	12,5%
Iðnaðarmenn og sérhæfðir í iðnaði	8,1%	7,0%
Véla-/verkfólk/sjómenn/bændur	7,9%	9,3%
Námsmenn	13,8%	16,9%
Ekki útvinnandi	11,7%	11,1%

VAR FERÐAST INNANLANDS EÐA UTAN ÁRIÐ 2013 (%)


Nærri níu af hverjum tíu Íslendingum ferðuðust innanlands 2013 eða svipaður fjöldi og 2012. Álíka margir fóru til útlanda 2013 og 2012 eða ríflega 60%.



- FERÐALÖG INNANLANDS -

Í HVAÐA MÁNUÐI VAR FARIÐ Í FERÐALAG¹ INNANLANDS (%)


Júlí var sem fyrr langvinsælasti mánuðurinn til ferðalaga. Fast á eftir fylgdu ferðalög í ágúst og júní. Mun færri ferðuðust aðra mánuði.



¹Ferðalag fjarri heimili þar sem gist var eina nótt eða lengur.


DVALARLENGD Á ÍSLANDI (%)

Meðaldvalar lengd á ferðalögum innanlands var 15,4 nætur árið 2013, sambærileg og 2012. Um fjórðungur dvaldi innan við viku, ríflega fjórðungur eina til tvær vikur, um fjórðungur tvær vikur og um fimmtungur þrjár vikur eða lengur.




GISTINÆTUR EFTIR LANDSHLUTUM (%)

Niðurstöður um dvalar lengd eftir landshlutum gefa til kynna að um helmingi gistinótta hafi verið eytt á Suðurlandi og Norðurlandi 2013 en um er að ræða svipaðar niðurstöður og fyrir ferðaárið 2012.




GISTIADSTAÐA NÝTT Á FERÐALÖGUM (%)

Flestir gistu hjá vinum eða ættingjum, í tjaldi, fellihýsi eða húsbíl og í sumarhúsi eða íbúð í einkaeigu. Gisting í orlofshúsum eða íbúðum á vegum félagasamtaka var auk þess mikið nýtt en á eftir fylgdi gisting á hótélum og gistiheimilum. Önnur gisting var notuð í minna mæli.




HVAÐA AFÞREYINGU VAR GREITT FYRIR Á ÍSLANDI (%)

Af þeirri afþreyingu sem greitt var fyrir á ferðalögum árið 2013 nýttu flestir sundlaugar eða jarðböð, söfn eða sýningar, tónleika eða leikhús og veiði. Önnur afþreying var nýtt í minna mæli s.s. golf, bátsferðir, heilsurækt, siglingar, hesta- og skoðunarferðir ýmiss konar.



HVAÐA LANDSSVÆÐI OG STaðIR HEIMSÓTT(IR) (%)



FJÖLSÓTTIR FERÐAMANNSTAÐIR

Af 54 stöðum og svæðum sem spurt var um sérstaklega í könnun voru eftirfarandi fjölsóttastir árið 2013:


1. Akureyri	49,6%
2. Borgarnes	33,9%
3. Þingvellir/Geysir/Gullfoss	30,1%
4. Skagafjörður	22,5%
5. Egilsstaðir/Hallormsstaður	21,6%
6. Mývatnssveit	21,3%
7. Hvalfjörður	20,0%
8. Vík	19,1%
9. Húsavík	17,6%
10. Kirkjubæjarklaustur	17,3%

	2012	2013
Reykjanes	14,8%	20,3%
Reykjanesbær	10,1	13,9
Grindavík	6,6	9,1
Krísuvík	4,1	5,9
Bláa lónið	3,5	5,7
Sandgerði	3,3	5,6
Reykjanesviti og nágr.	4,3	5,0
Vesturland	47,4%	52,3%
Borgarnes	27,5	33,9
Hvalfjörður	12,6	20,0
Akranes	12,4	16,3
Húsafell/Reykholt	11,7	15,3
Stykkishólmur	13,9	13,0
Dalir	11,6	11,4
Snæfellsnesþjóðgarður	10,3	10,7
Vestfirðir	22,1%	24,5%
Ísafjörður	13,6	13,4
Hólmavík/Strandir	9,5	10,6
Patreksfjörður	5,6	8,3
Látrabjarg	2,8	4,4
Hrafnseyri	2,5	3,5
Djúpavík	2,4	3,3
Hornstrandir	2,6	2,9
Flatey á Breiðafirði	1,8	1,7
Norðurland	57,6%	61,8%
Akureyri	43,1	49,6
Skagafjörður	20,3	22,5
Mývatnssveit	18,2	21,3
Húsavík	14,8	17,6
Siglufjörður	18,0	16,8
Ásbyrgi	8,8	11,0
Dettifoss	7,8	9,9
Hvammstangi	9,2	8,8
Þórshöfn	3,2	4,5

	2012	2013
Austurland	24,9%	29,2%
Egilsstaðir/Hallormsstaður	17,7	21,6
Djúpivogur	7,5	11,0
Seyðisfjörður	7,5	9,9
Eskifjörður	7,5	9,7
Stöðvarfjörður	5,3	6,8
Borgarfjörður eystri	4,8	5,3
Vopnafjörður	4,3	4,5
Suðurland	63,3%	66,1%
Þingvellir/Geysir/Gullfoss	26,7	30,1
Vík	15,1	19,1
Kirkjubæjarklaustur	13,7	17,3
Jökulsárlón	11,3	16,3
Skógar	11,6	15,1
Hornafjörður	10,2	14,3
Eyrbakki	13,3	13,8
Vestmannaeyjar	14,3	12,2
Skaftafell	7,8	11,4
Þórsmörk	6,5	7,5
Hálendið	13,3%	14,6%
Landmannalaugar	5,0	4,9
Kjölur (þ.m.t.Hveravellir)	4,3	4,1
Sprengisandur	2,9	3,2
Kárahnjúkar	0,8	2,2
Herðubreiðalindir/Askja	1,6	1,5
Kverkfjöll	0,8	0,9
Lakagígar	0,9	0,2

- DAGSFERÐIR INNANLANDS -

Um 62% fóru í dagsferð¹ árið 2013, þar af fór ríflega fjórðungur í eina til tvær ferðir, ríflega þriðjungur í þrjár til fimm ferðir og tæplega tveir af hverjum fimm í sex eða fleiri ferðir.



HVERT VAR FARIÐ Í DAGSFERÐ ÁRIÐ 2013


Farnar voru að jafnaði átta ferðir, langflestar á Suðurlandið.

	Fór í dagsferð	Meðalfjöldi ferða
Höfuðborgarsvæði	23,3%	6,9
Vesturland	35,4%	2,7
Vestfirðir	5,6%	3,1
Norðurland	24,8%	5,0
Austurland	10,6%	6,4
Suðurland	60,4%	4,0
Reykjanes	27,1%	3,3
Hálendið	6,1%	3,4

¹Skemmtiferð a.m.k. 5 klst. löng út fyrir heimabyggð án þess að gíst væri yfir nótt.

HVAÐA STAÐIR VORU HEIMSÓTTIR Í DAGSFERÐUM ÁRIÐ 2013 (%)


Af þeim 54 svæðum eða stöðum sem spurt var um vítt og breitt um landið voru eftirfarandi oftast heimsótt/ir.



- UTANLANDSFERÐIR -


VAR FARIÐ Í UTANLANDSFERÐ ÁRIÐ 2013 (%)

Um 62% svarenda fóru í utanlandsferð árið 2013 og fóru þeir að jafnaði 2,4 ferðir, nokkuð fleiri en árinu áður þegar farnar voru tvær ferðir að jafnaði. Flestir eða 43% fóru í eina ferð, um 29% tvær ferðir og um 28% þrjár eða fleiri ferðir.




TIL HVADA LANDA VAR FERÐAST 2013 (%)

Ferðalög Íslendinga voru að stærstum hluta bundin við Skandinavíu, Bretlandseyjar, Spán, Portúgal og N-Ameríku.



FJÖLDI GISTINÁTTA Í ÚTLÖNDUM ÁRIÐ 2013 (%)


Meðaldvalar lengd á ferðalögum í útlöndum var 17,8 nætur¹ á árinu 2013 eða heildur fleiri en árið 2012 þegar dvalarlengdin var að jafnaði 15,9 nætur.



¹Þeir sem dvöldu lengur en 100 nætur voru ekki teknir með í úrvinnslu.

Í HVERS KONAR UTANLANDSFERÐIR VAR FARIÐ 2013 (%)

Flestir fóru í borgarferð erlendis, í heimsókn til vina eða ættingja, í vinnutengda ferð og sólarlandferð árið 2013.




ÁHRIF FERÐAÞJÓNUSTU OG ERLENDRA FERÐAMANNA

Flestir (64,6%) eru á því að erlendir ferðamenn hafi aukið áhuga Íslendinga á íslenskri náttúru en eru jafnframt á því (62,8%) að álag ferðamanna á íslenska náttúru sé of mikið. Að mati 59,4% hefur ferðaþjónusta skapað eftirsóknarverð störf í þeirra heimabyggð og 57,7% eru á því að ferðamenn hafi aukið áhuga Íslendinga á eigin menningu. Um 42% töldu að ferðaþjónusta hefði leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir höfðu nýtt sér.

MAT Á ÁHRIFUM FERÐAÞJÓNUSTU OG FERÐAMANNA

-þeir (%) sem voru sammála fullyrðingum



Könnun meðal Íslendinga má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#).

- ÁFORM ÍSLENDINGA UM FERÐALÖG -

HVERS KONAR FERÐALÖG ERU FYRIRHUGUÐ 2014 (%)

Um 90% sögðust hafa áform um að ferðast á árinu 2014. Þannig ætla um 59% að fara í sumarbústaðarferð innanlands, um 54% í heimsókn til vina eða ættingja, 40% í borgarferð erlendis, 33% í ferð innanlands með vinahópi eða klúbbfélögum, 29% í borgar- eða bæjarferð innanlands og 26% í sólarlandaferð, 25% í útivistarferð innanlands af einhverju tagi en 25% ætla einfaldlega að elta góða veðrið.

